

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 335/1996.

Reynir Gunnþórsson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Læknar. Læknaráð. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 42.870.000 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 12. júní 1990 til 3. júní 1995, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 23. október 1996 var honum veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum og málsástæðum aðila er ýtarlega lýst í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur lækkað dómkröfu sína um 6.079.700 krónur með því að falla frá kröfu um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda og draga frá slysdagsverðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar, sem hann nýtur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ekki eru efni til annars en leggja skráningu í sjúkradagbók Heilsugæslustöðvar Suðurnesja til grundvallar í máli þessu. Liggur ekki annað fyrir en þar sé um samtímaskráningu að ræða og þar sé rétt frá greint. Sigurður Thorlacius, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, segir í álitsgerð sinni, að ekki sé unnt, þegar á heildina er litið, að áfellast heilsugæslulækna áfrýjanda „fyrir þann drátt, sem varð á greiningu vandamáls hans“.

Niðurstöðu lækna ráðs er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Gögnin, sem lækna ráð hafði undir höndum, voru meðal annars greinargerð Sverris Bergmann, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, sem sæti átti í siðamáladeild og lækna ráði. Sverrir taldi, að staðið hefði verið tilhlýðilega að sjúkdómsgreiningu og meðferð áfrýjanda á Heilsugæslustöð Suðurnesja, en ekki hefði verið óeðlilegt, að lækna-arnir endurskoðuðu upphaflega greiningu. Ítrekaði Sverrir þetta álit sitt fyrir dómi. Niðurstaða lækna ráðs virðist ekki í samræmi við greinargerð hans.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt að fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Reynis Gunnþórssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningaspóknun lögmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur, og 98.565 krónur í útlagðan kostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1996.

Mál þetta er höfðað með stefnu, áritaðri af ríkislögmanni 1. desember 1995, til þingfestingar hér fyrir dómi 5. desember s. á. Það var dómtekið 30. maí sl. að loknum munnlegum málflytningi.

Stefnandi málsins er Reynir Gunnþórsson, kt. 100548-4109, Vatnsholti 6 b, Keflavík, en stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, íslenska ríkið, verði dæmdur til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 48.948.700 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu og greiðslu málskostnaðar úr

hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara er gerð krafa um verulega lækkun stefnufjárhæðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem dagsett er 6. febrúar 1996.

Málavextir.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að stefnandi kom á Heilsugæslustöð Suðurnesja 30. maí 1990 vegna höfuðverkjar, verkja aftan í hálsi og ofan í herðar. Samkvæmt skýrslum heilsugæslustöðvarinnar hafði stefnandi komið þangað í júlímánuði 1983 vegna of hás blóðþrýstings og fengið viðeigandi lyfjameðferð. Einnig hafði hann leitað þangað í októbermánuði 1986 vegna stirðleika í hálsi og herðum og fengið við því vöðvaslakandi lyf og tilvísun á sjúkrahjálfun. Þá liggur fyrir í bókum heilsugæslustöðvarinnar, að stefnandi hafi í desembermánuði s. á. haft símasamband við heilsugæslustöðina vegna eymsla í hálsi og herðum. Einnig er þar skráð, að lyfjameðhöndlun sú, sem reynd hafi verið við komu hans í októbermánuði, hafi ekki gefið þann árangur, sem að var stefnt, og lyfjameðferð því breytt. Í sjúkradagbók Heilsugæslustöðvar Suðurnesja er eftirfarandi fært til bókar um komu stefnanda 30. maí 1990: „Sjómaður, kemur vegna höfuðverkja og verkja aftan í hálsi og ofan í herðar. Við skoðun er hann aumur í herðum. Hann er allt of feitur, dálítið pletorískur (rauður og þrútin, – þýðing dómenda) í andliti. Spurður um blþr. segist hann hafa verið mældur einhvern tíma hér, og ég sé, að hann hefur verið mældur með neðri mörk, 110; var þá settur á Tenormin, 50 mg daglega, en hefur ekki tekið þau lyf. Blþr. í dag 175/100-105, actio=púls 72/mín. Hjarta- og lungnahl. eðlil. Við ræðum hans mál í sambandi við blþr. Fær Atenolol 50 mg 1 á dag, vegna þess að hann er að fara út á sjó, en þeir eru að hætta eftir 10 daga, og þá fer hann í frí. Honum er ráðlagt að koma þá og láta mæla í sér blþr. aftur og láta einnig mæla blóðsykur og blóðfitu.“ Hinn 1. júní s. á. leitaði stefnandi aftur til heilsugæslustöðvarinnar. Þá er bókað í sjúkradagbók: „Kemur í blþr.-kontrol. Blþr. 180/100 actio=púls 72/mín. reglul. Hjarta og lungna hl. eðlil. Er búinn að vera á Atenolol 50 mg í tvo daga. Ég eyk það upp í 100 mg á dag. Sjómaður. Verður laus úr róðrum í kringum 10. júní. Þá mun ég senda hann í hjarta- og lungnamynd ásamt blóðrannsókn og mælingu á blóðsykri og blóðfitu. Verulegt adipositas (offita) er hjá þessum manni og honum ráðlagt. . .“

Stefnandi leitaði enn að nýju til heilsugæslustöðvarinnar 3. júní 1990 og þá vegna höfuðverkjar. Eftirfarandi er þá m. a. bókað í sjúkradagbók: „Leitar vegna höfuðverkja. Hefur undanfarið verið með höfuðverk, lýsir þessum höfuðverk eins og þyngslum og oft og tíðum sárum höfuðverk, sem

byrjar aftur í hnakka og leiðir aftur í gagnaugu. Enginn dofi eða paresur (væg lömun) í andliti. Engin ógleði eða uppköst. Er nýlega kominn á lyf vegna of hás blþr. Ekkert unnið nú meir en venju fremur. Það kemur þó fram, að hann hefur átt hálferfitt með svefn undanfarið. Skoðun: Hraustlegur maður, þreytulegur og svolítið spenntur. Það er greinilega minnkuð hreyfing í háls hrygg vegna spennu í vöðvum. Eymsli aftur á hnakka bil. (beggja vegna) við þreifingu. Cranial-taugar eðlil. (heilataugar). Það er nokkur exophthalmus (útsæð augu) til staðar bil. (beggja vegna), en það er gamalt. Munnur, kok eðlil. Hjarta- lungnahlustun eðlil. Blþr. vi. megin 160/100 og hæ. megin 155/95, púls reglubundinn, 80/mín. Enginn perifer-bjúgur. Niðurstæða: Myosis variae (vöðvabólga). Spennuhöfuðverkur. Adipositas (offita). Hypertensio arterialis (háþrýstingur)“ (þýðing dómenda innan sviga).

Í bréfi, dags. 31. ágúst 1992, sem Erla Guðjónsdóttir, eiginkona stefnanda, ritar landlækni og vikið verður nánar að síðar, kemur fram, að hún hafi þurft að aka eiginmanni sínum í lækniSSkoðunina 3. júní 1990, þar sem hann hafi ekki treyst sér til þess, og verið viðstödd lækniSSkoðunina. Hún segist hafa tjáð lækninum, að eitthvað væri meira en skrítið með þennan höfuðverk, þar sem eiginmaður sinn hafi ekki átt vanda til að fá höfuðverk, jafnvel ekki vegna þynnku. Þar hafi einnig komið fram, að hann þyldi illa birtu, svo og, að hann hafi kastað upp úti á sjó 29. maí s. á., en ekkert eftir það. Þeim hafi verið þar tjáð, að höfuðverkur stefnanda stafaði af vöðvabólgu og of háum blóðþrýstingi.

Hinn 12. júní 1990 var stefnandi fluttur í sjúkrahús frá heimili sínu til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja og þaðan á Borgarspítalann. Þar kom í ljós, að stefnandi hafði fengið heilablæðingu, og gekkst hann þar undir aðgerð. Afleiðingar heilablæðingarinnar urðu þær, að stefnandi varð algjör öryrki af hennar völdum og þarfnast stöðugar umönnunar. Ástandi hans verða gerð nánari skil síðar.

Í málinu liggur fyrir greinargerð Ragnars G. Ragnarssonar, skipstjóra á mb. Arnari, KE-260, en stefnandi var þar í skiprúmi, þegar hann kenndi sjúkuleika síns.

Greinargerð skipstjóra hljóðar svo: „Þegar við komum á veiðislóð mánudagsmorguninn 4. júní 1990 og átti að fara að kasta veiðarfærinu, kom Reynir til mín og kvaðst ekki treysta sér út vegna höfuðverkjar, og var hann fökur og mjög tekinn að sjá. Við vorum sammála um, að hann færi í koju og athugaði, hvort hann myndi jafna sig. Reynir kom upp aftur eftir ca. 4 tíma og vildi fara út á dekk, en auðsýnt var, að honum leið ekki vel, þótt hann hefði jafnað sig nokkuð. Ég bað hann um að fara aftur í koju,

sem hann gerði, en síðan var haft samband við Erlu, konu hans, og henni sagt frá veikindum Reynis, og ætlaði hún að taka á móti okkur, þegar við kæmum í land, og fara með hann til læknis. Síðdegis þennan sama dag fór síðan Reynir til læknis á Heilsugæslust. í Keflavík. Næsta róður, 5. júní, var Reynir heima, en hann kom síðan í róður næst 6. júní. Hann sagði okkur, að læknirinn hefði sagt sér, að þetta, sem að sér amaði, væri vöðvabólga í hálsi og herðum; einnig hefði hann mælst með of háan blóðþrýsting, en að hann hefði fengið lyf við þessu. Þegar leið á róðurinn, sem tekur yfirleitt um 14-15 tíma, sáu við, að Reynir var greinilega orðinn þreyttur, en ég held, að hann hafi tekið lyfin mjög samviskusamlega, en samt virtist hann eiga erfitt með að halda hægra auganu opnu, og andlitsvöðvarnir virtust slappir hægra megin. En Reynir lauk róðrinum með okkur, sem var sá síðasti fyrir sumarfrí áhafnarinnar, en báturinn átti að fara í slipp. Á fimmtudagsmorguninn var báturinn þrífinn og veiðarfæri tekin í land og geit klárt fyrir slíptöku. Reynir var með okkur í þessum undirbúningi, og var það sama sagan og daginn áður, að hann þreyttist fljótt og andlitið seig hægra megin. Eftir þetta hitti ég Erlu, konu hans, aðeins á föstudeginum, og varð hún þá að aka Reyni, því að hann treysti sér ekki til þess. Við urðum sammála um það, að Reynir þyrfti að fara í nákvæma læknisrannsókn sem fyrst. Ég fór til útlanda í sumarfrí 9. júní 1990, en þegar ég kom aftur, var Reynir á gjörgæslu eftir heilablóðfall. Vikið verður að greinargerð Ragnars skipstjóra í forsendum dómsins.

Í byrjun árs 1992 hóf landlæknir könnun á því, hvernig staðið hefði verið að þeirri læknismeðferð, sem stefnandi fékk á Heilsugæslustöð Suðurnesja í lok maímánaðar og byrjun júní 1990. Landlæknir fékk Sigurð Thorlacius, sérfræðing í heila- og taugasjúkdómum, til að meta störf þeirra lækna, sem þar komu við sögu. Í læknisfræðilegri greinargerð hans, sem raunar er ódagsett, óundirrituð og höfundar ekki getið, kemur fram, að landlæknir hefur óskað eftir álitum hans um eftirfarandi: „Hafa lækna sjúklings gert mistök, þ. e. að leggja ekki sjúkling fyrir inn á sjúkrahús, t. d. í angiografíu“

Niðurstaða Sigurðar Thorlacius er svohljóðandi: „Niðurstaða: Út frá upplýsingum í ofangreindri sjúkraskrá Reynis Gunnþórssonar vegna legu hans á Borgarspítalanum 12. júní til 17. ágúst 1990 myndi ég svara játandi spurningu landlæknis um, hvort lækna Reynis hafi gert mistök með því að leggja hann ekki fyrir inn á sjúkrahús. Í sjúkrasögunni er lýst einkennum, sem eru dæmigerð fyrir innanskúms- (subarachnoidal) blæðingu, u. þ. b. tveimur vikum fyrir innlögn, þ. e. skyndilegum og sárum höfuðverk, ógleði og uppköstum. Í kjölfar þeirra einkenna tel ég, að sjálfsagt hefði verið að leggja hann inn á sjúkrahús eða gera ráðstafanir til að rannsaka ástand hans

hið bráðasta, enda almennt vitað, að veruleg hættu er á, að sá, sem fengið hefur innanskúmsblæðingu, fái fljótlega endurbælingu og þá gjarnan verri en þá upprunalegu. Færslur í sjúkraskrá Heilsugæslustöðvar Suðurnesja sýna hins vegar greinilega, að læknað Reynis hafa talið vera um háþrýsting og spennuhöfuðverk að ræða og hagað meðferð í samræmi við það. Fram kemur, að hann hefur haldið áfram að stunda vinnu sína sem sjómaður, og í færslu 3. 6. 1990 er tekið fram, að hann hafi ekki ógleði eða uppköst, sem gæti bent til, að hann hafi gert helst til lítið úr einkennum sínum. Þegar á heildina er lítið, tel ég því ekki hægt að áfellað heilsugæslulækna Reynis fyrir þann drátt, sem varð á greiningu vandamáls hans.

Með bréfi, dags. 1. júní 1992, til stefnanda og eiginkonu hans greinir aðstoðarlandlæknir frá niðurstöðu Sigurðar Thorlaciusar og lýsir yfir, að landlæknisembættið geri þau orð sérfræðingsins að sínum, að ekki sé hægt að áfellað heilsugæslulækna Reynis fyrir þann drátt, sem varð á greiningu vandamáls hans.

Landlæknir vísaði máli stefnanda til siðamáladeildar læknaáðs með bréfi, dags. 29. júní 1992. Í svarbréfi siðamáladeildar, sem dagsett er 28. janúar 1993, segir m. a.: „Spurning landlæknis hljóðar svo: Hvort heilsugæslulæknar á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hafi staðið tilhlýðilega að sjúkdómsgreiningu og meðferð Reynis Gunnþórssonar. Svar siðamáladeildar er já. Undir svarbréfið rita lækarnir Björn Öndurson, Sverrir Bergmann og Gunnlaugur Geirsson.

Mál stefnanda fékk frekari umfjöllun hjá siðamáladeild læknaáðs. Í bréfi siðamáladeildar til landlæknis, sem dagsett er 18. maí s. á., segir m. a. svo: „Siðamáladeild læknaáðs hefur fengið til endurumfjöllunar mál Reynis Gunnþórssonar og tekið fyrir á þremur síðustu fundum sínum, auk þess sem viðbótargreinargerða var aflað frá læknum Reynis Gunnþórssonar í Keflavík. Að umfjöllun lokinni er niðurstaða mótuð í greinargerð Sverris Bergmann, sem hér fylgir með.“ Sömu lækna undirrita bréfið og áður nefnt bréf siðamáladeildar. Niðurstaða Sverris Bergmann, sem vísað er til í bréfinu frá 18. maí, er svohljóðandi: „Ég vísa enn til niðurstöðu minnar í bréfinu frá 18. maí, en bendi á til viðbótar eftir margendurtekna athugun á málavöxtum eftir skráðum gögnum, að ekki hefði verið óeðlilegt, að lækarnir á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hefðu endurskoðað upphaflega greiningu og þar með meðferð vegna þeirrar framvindu, sem varð, er áður frískur og höfuðverkjalaus einstaklingur leitaði stöðugt og fyrir en ætlað var til heilsugæslunnar vegna viðvarandi höfuðverkjar.“

Með áður nefndu bréfi frá 31. ágúst 1992 fór eiginkona stefnanda þess á leit við landlækni, að fengin yrðu svör læknaáðs við eftirtöldum spurningum:

- „1. Hefði myndataka af höfði Reynis eða nákvæmari skoðun skorið úr um það, hvað var í raun og veru að?
2. Hefði ekki átt að taka manninn alvarlegar, þar sem hann kemur trekk í trekk með svo stuttu millibili?
3. Lásu lækarnir einfaldlega rangt úr Reyni?
4. Urðu þarna mannleg mistök lækna í starfi?“

Læknaráð tók málið til meðferðar á fundi 9. júní 1993 og leiddi það til lykta með svofelldri ályktun: „Læknaráð telur, að læknismeðferð hafi að því leyti verið ótilhlýðileg, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hefðu átt að endurskoða upphaflegu greininguna og þar með meðferð sjúklingsins eða vísa honum til viðeigandi sérfræðings vegna þeirrar sjúkdómsframvindu, sem varð, er áður friskur einstaklingur leitaði endurtekið til heilsugæslunnar vegna viðvarandi höfuðverkjar.“

Þess er getið, að Ólafur Ólafsson landlæknir hafi vikið sæti við meðferð málsins og Þórður Harðarson læknir tekið við formennsku í hans stað. Einnig kemur þar fram, að tillaga siðamáladeildar að svari læknaráðs hafi legið fyrir fundinum og Sverrir Bergmann læknir setið fundinn og staðið að niðurstöðu læknaráðs. Landlæknir sendi Erlu Guðjónsdóttur, eiginkonu stefnanda, ályktunina með bréfi, dags. 14. júní 1993, og lét fylgja bréf, sem dagsett er sama dag, þar sem fram kom, að hann sé ósammála niðurstöðu læknaráðs. Í niðurlagi bréfs hans segir: „Landlæknir telur, að hér sé um óhappatilvik að ræða, og styðst m. a. við álit taugalæknis, sem grannskoðaði málið í upphafi.“

Með bréfi, dags. 1. september 1993, leitaði lögmaður stefnanda til nefndar skv. grein 3.5 í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, sem hefur það verkefni að fjalla um ágreiningsmál, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar, og óskaði eftir álit nefndarinnar um eftirfarandi:

1) Hvort læknismeðferð sú, sem stefnandi hlaut í Heilsugæslustöðinni í Keflavík á umræddum tíma, hefði verið með þeim hætti, að heilsugæslustöðin bæri skaðabótaábyrgð á afleiðingum þess, að fyrirboðar heilablóðfallsins 12. júní 1990 greindust ekki.

2) Hvort líklegt mætti telja, að komast hefði mátt hjá heilablóðfallinu 12. júní 1990, ef rétt sjúkdómsgreining hefði farið fram, þegar stefnandi leitaði til heilsugæslustöðvarinnar í byrjun júní 1990, eða með öðrum orðum, hvort telja meg, að afleiðingar heilablóðfallsins fyrir líkamsheilsu stefnanda væru afleiðingar af því, að sjúkdómur hans greindist ekki þá.

Niðurstaða nefndarinnar er dags. 28. apríl 1995. Þar kemur fram, að nefndin taldi sig ekki geta endurmetið það, sem læknaráð hafði áður tekið afstöðu til, og svaraði því ekki, hvort umrædd læknismeðferð hefði verið

ótilhlýðileg í þeim skilningi, að til skaðabótaskyldu hafi stofnast. Að því er síðari spurninguna varðaði, var svar nefndarinnar svohljóðandi. „Samkvæmt þessu og að framangreindum forsendum gefnum er það niðurstaða nefndarinnar, að líkur bendi til, að rekja megi heilsutjón sóknaraðila vegna heilablóðfallsins til þeirrar lækni meðferðar, sem hann hlaut hjá varnaraðila og lækna ráð hefur talið, að hafi verið ótilhlýðileg, eins og á stóð.“

Fyrir liggur í málinu heilsufarsvottorð Arnbjörns Ólafssonar, læknis hjá Heilsugæslustöð Suðurnesja, dags. 8. september 1995. Það er þannig: „Reynir fékk hæ-helftarlömun eftir heilablæðingu í júní 1990. Við skoðun er hann með hæ-helftarlömun, og engin nothæf hreyfing er í handlegg eða hendi hæ. megin. Sæmileg hreyfing í mjöðm, en lítil í hné og ökkla. Hann er með dorsal-spelku. Hann er spastískur í hæ. líkamshelmingi. Erfitt er að meta nákvæmlega skyn vegna máltruflunar, sem hann er með, en eftir því sem næst verður komist, er hann með smá-skerðingu á bæði snerti- og stöðuskyni í hæ. líkamshelmingi. Sjónsvið virðist ekki skert. Hann getur ekki gert sig skiljanlegan nema að litlu leyti, getur sagt já og nei, en flóknara mál er honum mjög erfitt og tjáning lítil a. ö. l., en hann skilur sæmilega mælt mál. Ekki er hægt að sjá neina breytingu á ástandi mannsins síðustu mán. og mjög litla síðan 1992, nema hvað sjónsvið hefur aðeins lagast lítillega. Það var skert, en ekki teljandi, að því er næst verður komist, en mjög erfitt að komast að raun um það vegna þess, hve maðurinn á erfitt með að tjá sig. Hann hefur verið í sjúkráþjálfun hvað eftir annað og talæfingum, en hefur mjög lítið eða ekkert farið fram. Hann getur hvorki lesið, skrifað né reiknað einföldustu tölur. Ekki verður séð, að ástand hans hafi lagast neitt sem heitir síðustu 3 árin, og líkur til þess, að hann lagist hér eftir, eru að mínu mati sáralitlar, ef nokkrar.“

Læknisfræðilegt mat á örorku stefnanda hefur ekki farið fram, en stefndi hefur ekki mótmælt því, að varanleg örorka hans sé alger, 100%.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar um skaðabætur úr hendi stefnda þeim rökum, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum bótaskyldra mistaka starfsmanna sinna á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Í málinu liggja fyrir óhrakið og ýtarlega ígrundað álit lækna ráðs frá 9. júní 1993. Þar sé komist að þeirri samdóma niðurstöðu, að lækni meðferð sú, sem stefnandi hlaut á Heilsugæslustöðinni í Keflavík í lok maí og byrjun júní 1990, hafi verið ótilhlýðileg, þar sem viðkomandi læknum hafi borið að endurskoða sjúkdómsgreiningu sína og meðferð sjúklingsins eða vísa honum til viðeigandi sérfræðings vegna þeirrar sjúkdómsframvindu, er varð, er

áður frískur maður leitaði oftsinnis til heilsugæslunnar vegna þráláts höfuð-verkjar. Þessi niðurstaða hafi fengist eftir yfirgripsmikla og rækilega skoðun allra málavaxta, svo sem sjá megi m. a. í ýtarlegri greinargerð Sverris Bergmann, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, sem unnin hafi verið gagn-gert að frumkvæði siðamáladeildar lækna ráðs. Niðurstaða lækna ráðs sé unnin í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14/1942, einkum 2. gr., og á grund-velli allra þeirra sömu læknisfræðilegu gagna og röksemda og liggi fyrir í málinu. Þessari niðurstöðu ráðsins um ótilhlýðilega starfshætti viðkomandi lækna á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hafi ekki verið hnekktt með neinum haldbærum eða marktækum læknisfræðilegum rökum eða gögnum. Þá vísar stefnandi til álits nefndar skv. grein 3.5 í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Þar komi fram, að sennilegt sé, að sú meðhöndlun, sem lækna ráð telji skv. framangreindu, að stefnandi hefði átt að hljóta á Heilsugæslustöð Keflavíkur á umræddum tíma, hefði leitt til þess, að rétt sjúkdómsgreining hefði fengist í tæka tíð. Þannig hefði að öllum líkindum mátt komast hjá því, sem gerðist 12. júní 1990, er heilablæðingin varð. Stefndi verði að bera allan vafa um það, hvort unnt hefði verið að afstýra hinu geigvænlega heilsutjóni stefnanda. Stefnandi bendir á í þessu sambandi, að í norrænum skaðabótarétti, þ. a. m. hér á landi, hafi sönnunarsjónarmið þróast á þann veg, að sú sönnunarregla sé nú talin gilda um skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana, að sannist á annað borð mistök eða vangæsla, beri viðkom-andi læknir eða sjúkrastofnun sönnunarbyrði fyrir því, að afleiðingar hefðu komið fram, þótt engin mistök hefðu verið gerð. Reglan feli þannig í sér öf-uga sönnunarbyrði, hvað þennan þátt varðar. Afleiðingar mistaka viðkom-andi lækna séu hins vegar svo augljósar, að vafasamt sé, að reyni á um-rædda sönnunarreglu með beinum hætti. Þá sé fullljóst af fram lögðum gögnum, m. a. vottorði Arnþjórn Ólafssonar læknis, dags. 8. september 1995, að starfsorkuskerðing stefnanda sé alger og varanleg. Starfsorka hans hafi aftur á móti verið óskert fyrir umræddan atburð. Af framangreindum forsendum sé því gerð krafa á hendur stefnda, sem miðist við 100% varan-lega starfsorkuskerðingu.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

— — —

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sjúkdómsgreining og læknismeð-ferð, sem stefnandi hlaut á Heilsugæslustöð Suðurnesja, verði ekki flokkuð undir bótaskyld mistök þeirra lækna, sem hlut áttu að máli. Þá mótmælir stefndi því, að ályktun lækna ráðs verði túlkuð á þann veg, sem stefnandi geri, þ. e., að sjúkdómsgreiningin hafi verið ótilhlýðileg í þeim skilningi, að

um sé að ræða saknaema og ólögmæta athöfn eða athafnaleysi lækna, sem leiði til bótaskyldu stefnda eftir reglum um vinnuveitandaábyrgð.

Stefndi reisir varakröfu sína á eftirfarandi meginsjónarmiðum:

1. Eigin sök stefnanda sé veruleg, eins og að framan greini. Stefnandi hafi aðeins stundað sjóinn í tvo daga eftir 3. júní 1990 og þess vegna getað í tæka tíð leitað læknishjálpar, sem miðað við ástand hans þá eftir þeim lýsingum, sem gefnar hafi verið, hefðu mjög sennilega leitt til þess, að sjúkdómsgreiningin hefði verið endurmetin og stefnandi án tafar verið sendur í frekari rannsóknir.

2. Stefnuþjárhæð sé mótmælt sem allt of hárrí. Réttmæti þess að miða framreikning við tekjur sjómanns til 60 ára aldurs sé dregið í efa með tilliti til þess, að tekjur stefnanda sem stýrimanns hafi verið meira en tvöfalt hærri meðaltekjum iðnaðarmanna. Engin víska sé fyrir því, að stefnandi hefði haldið svo háum tekjum til 60 ára aldurs, þótt hann hefði ekki orðið fyrir heilablæðingunni. Svo háar tekjur séu einnig háðar óvissum aflabrogðum og gæftum og aflaheimildum. Þá sé gerð krafa um, að frádráttur vegna skattleysis bótagreiðslu, hagræðis vegna eingreiðslu o. fl. verði ákveðinn mun hærri en miðað sé við í stefnu. Með framangreindum rökum sé kröfu vegna tapaðra lífeyrisréttinda einnig mótmælt sem allt of hárrí, en auk þess bendi tryggingafræðingurinn á þá óvissu, sem um það sé, hvort þetta tap verði virkt í tilviki stefnanda. Miskabótakröfunni sé mótmælt sem allt of hárrí og fjarri dómvenju. Loks sé upphafstíma dráttarvaxta í kröfugerð stefnanda sérstaklega mótmælt.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslu fyrir dóminum: Erla Guðjónsdóttir, eiginkona stefnanda, Ragnar G. Ragnarsson skipstjóri, Hreggviður Hermannsson og Jón Aðalsteinn Jóhannsson, heilsugæslulæknar við Heilsugæslustöð Suðurnesja, Sigurður Thorlacius læknir, Sverrir Bergmann Bergsson læknir og Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir. Vikið verður að framburði þeirra hér á eftir, eins og tilefni þykir til.

Stefnandi reisir málsókn sína á álití læknaaðs frá 9. júní 1993.

Eins og að framan er rakið, komst læknaað að þeirri niðurstöðu, að meðferð lækna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja hefði verið ótilhlýðileg gagnvart stefnanda (sjá hér að framan).

Að mati stefnanda er við það miðað, að tjón hans megi eindregið rekja til þeirra mistaka, sem fólust í því, að viðkomandi læknum hafi borið að endurskoða sjúkdómsgreiningu sína og lækni meðferð eða vísa honum til

viðeigandi sérfræðings vegna þeirrar sjúkdómsframvindu, sem varð, er áður frískur maður leitaði margsinnis til heilsugæslunnar vegna þráláts höfuðverkjar, eins og segi í álitni lækna ráðs. Stefnandi beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum bótaskyldra mistaka starfsmanna sinna á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Álit lækna ráðs er því sá burðarás, sem stefnandi reisir málsókn sína á, enda er ljóst, að ekki hefði komið til málsóknar af hans hálfu, hefði niðurstaða þess orðið á annan veg.

Verkefni dómsins er því m. a. í því fólgið að taka afstöðu til álits lækna ráðs.

Eins og að framan er rakið, fjallaði siðamáladeild lækna ráðs um mál stefnanda og komst tvívegis að þeirri niðurstöðu, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hefðu staðið tilhlýðilega að sjúkdómsgreiningu og meðferð stefnanda. Í síðari ályktun siðamáladeildar, sem Sverrir Bergmann læknir samdi og siðamáladeild gerði að sinni, eru vangaveltur um það, að ekki hefði verið óeðlilegt, að lækarnir á Heilsugæslustöðinni í Keflavík hefðu endurskoðað upphaflega greiningu (sjá nánar hér að framan).

Sverrir Bergmann læknir greindi dóminum frá því, að oft væri mjög erfitt að greina með vissu fyrirboða heilamengisblæðingar. Mikilvægt sé við sjúkdómsgreininguna, að viðkomandi læknir fái réttar upplýsingar, svo að unnt sé að komast að rétttri niðurstöðu. Ekki þurfi að vera um mikil einkenni að ræða. Ljósælmi sé ekki alltaf fyrir hendi né heldur flökurleiki eða uppköst. Góða kunnáttu þurfi oft til að finna, hvort einhver brottfallseinkenni séu frá taugakerfi. Þá standi það eitt eftir, að viðkomandi hafi höfuðverk, sem borið hafi að með ákveðnum hætti. Í flestum tilvikum sé viðkomandi hnakkastífur, en það sé mismunandi frá einum einstaklingi til annars, hversu lengi það ástand vari. Niðurstaða hans í siðamáladeild og síðar í lækna ráði, þótt þar hafi verið fastar að orði kveðið, hafi mótast af þeirri vitneskju, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hafi haft upplýsingar um það, að stefnandi hafi verið orðinn svo illa haldinn af höfuðverk, að hann hafi ekki getað stundað vinnu af þeim sökum. Því hafi honum þótt eðlilegt, að lækarnir hefðu endurskoðað fyrri sjúkdómsgreiningu sína, þegar svo illa væri komið fyrir manni, sem áður hafði verið tiltölulega vel frískur, að hann gæti ekki stundað vinnu sína vegna höfuðkvala. Hann og siðamálanefnd hafi fengið þær upplýsingar frá aðstandendum stefnanda, að læknar heilsugæslustöðvarinnar hafi vitað um það, að hann hafi verið orðinn óvinnufær vegna höfuðkvala. Sérstaklega aðspurður um það, hvort læknum heilsugæslustöðvarinnar hafi að hans mati orðið á mistök við lækni meðferð stefnanda, taldi hann svo ekki vera. Hann taldi orðið ótilhlýðilegur ákaf-

lega slæmt, og hann geri greinarmun á því og afglöpum og mistökum, sem hann telji, að ekki hafi orðið í meðhöndlun viðkomandi heilsugæslulækna á stefnanda.

Ljóst þykir með vísan til framburðar Sverris Bergmann læknis, að afstöðubreyting hans frá niðurstöðu í siðamáladeild til ályktunar lækna ráðs, sem hann studdi, stafi af því, að viðkomandi heilsugæslulæknum hafi verið ljóst, að stefnandi hafi verið óvinnufær af völdum höfuðverkja. Hins vegar liggur ekki fyrir, á hvaða forsendum hinir fjórir, sem stóðu að álitni lækna ráðs, byggðu niðurstöðu sína.

Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins, að stefnandi hafi verið orðinn óvinnufær af völdum höfuðkvala í þau þrjú skipti, er hann var skoðaður af læknum Heilsugæslustöðvar Suðurnesja og áður er lýst.

Þau gögn, sem dóminum eru tiltæk og greina frá aðdraganda þess, að stefnandi varð fyrir áfallinu 12. júní 1990, eru þessi:

1. Sjúkraskrár Heilsugæslustöðvar Suðurnesja, sem greina sjúkrasögu stefnanda frá upphafi og til 12. júní 1990, svo og framburður heilsugæslulæknanna Hreggviðar Hermannssonar og Jóns Aðalsteins Jóhannssonar.

2. Vottorð hafnarinnar í Keflavík/Njarðvík, dags. 15. nóvember 1993, þar sem fram kemur, að mb. Arnar, KE-260, hafi haft viðlegu í höfninni frá 30. maí 1990 til 4. júní s. á.

3. Vottorð frá Sandgerðishöfn, dags. 3. desember 1993, þar sem fram kemur, að mb. Arnar, KE-260, hafi landað í Sandgerðishöfn 29. og 30. maí 1990 og 5. og 6. júní s. á., einnig, að skipið hafi legið í Sandgerðishöfn 7. júní s. á.

4. Greinargerð Ragnars G. Ragnarssonar skipstjóra, sem dagsett er 20. janúar 1992, og framburður hans við aðalmeðferð málsins.

Frásagnir Erlu Guðjónsdóttur, eiginkonu stefnanda, um aðdraganda áfalls hans í bréfum, sem liggja frammi í dóminum, svo og skýrsla hennar hér fyrir dóminum.

Öll önnur gögn málsins fjalla um það, sem gerðist eftir áfall stefnanda.

Fyrir liggur, að stefnandi kom í lækni skoðun 30. maí 1990, og eiginkona hans heldur því fram, að hann hafi veikst í róðri, sem farinn var 29. sama mánaðar.

Ragnar G. Ragnarsson skipstjóri segir í greinargerð sinni, að stefnandi hafi fyrst orðið veikur í róðri, sem farinn var 4. júní 1990, þ. e., eftir að hann fór í síðustu lækni skoðunina á heilsugæslustöðina 3. sama mánaðar. Honum var bent á þetta misræmi við skýrslutöku hér fyrir dómi og einnig á þá staðreynd, að mb. Arnar hefði legið í Keflavíkurhöfn dagana 30. maí til 4. júní umrætt ár og að 4. júní hefði verið annar í hvítasunnu. Taldi hann því

líklegt, að hann hefði farið vikuvillt, þ. e. a. s., að stefnandi hefði fyrst veikt vikuna á undan, þ. e. 29. maí s. á., eins og eiginkona stefnanda heldur fram. Aðrar dagsetningar í greinargerð sinni taldi hann réttar svo og lýsingu sína á heilsufari stefnanda eftir 4. júní. Hann staðfesti, að báturinn hefði verið þrífinn 7. júní og 8. júní hefði áhöfn hans farið í frí. Þann dag hefði hann hitt stefnanda og eiginkonu hans, eins og segi í greinargerð sinni, og daginn eftir, 9. júní, hefði hann farið í sumarfrí. Eiginkona stefnanda greinir frá því í bréfi til lögmanns síns, dags. 16. desember 1993, að Ragnar skipstjóri hafi komið í vinnu til hennar 9. júní umrætt ár og minnst á það, að stefnandi skyldi fara í rannsókn, áður en þau hjónin færu í ráðgert frí 19.–20. júní.

Þegar stefnandi kom til læknisskoðunar 30. maí 1990, hafði hann áður haft þrautir í hálsi og herðum af völdum vöðvabólgu, og eins hafði hann áður fengið lyf við of háum blóðþrýstingi. Við komuna þennan dag kvartaði hann um höfuðverk og verki aftan í hálsi og ofan í herðar og reyndist aumur í herðum. Ekkert er þar fært til bókar, sem gefi vísbendingar um heilamengisblæðingu á byrjunarstigi. Hann er sagður dálítið þrúttinn í andliti og allt of feitur. Hreggviður Hermannsson heilsugæslulæknir, sem skoðaði stefnanda þennan dag, bar það fyrir dóminum, að stefnandi hefði lýst vanheilsu sinni sem venjulegum höfuðverk með þreytuverk ofan í herðar og í hálsi. Þetta sé algengt umkvörtunarefni sjómanna, og reyndar sé mjög algengt, að kvartað sé um höfuðverk. Hann kvað stefnanda ekki hafa kvartað um sáran eða skyndilegan (explosivan) höfuðverk né heldur nefnt það, að hann hefði kastað upp. Hann kvaðst ekki sérstaklega muna eftir því, að stefnandi hefði kvartað um höfuðverk, þegar hann kom í annað sinn, 1. júní, heldur hefði hann komið til að láta mæla í sér blóðþrýsting. Í hvorugt skiptið hefði hann kvartað um ógleði eða sjóntruflanir, og því hefði hann ekki séð tilefni þess að skoða sérstaklega í honum augun. Hann kvað sjúkradagbækur vera að jafnaði færðar, jafnóðum og viðtal fari fram, en mundi ekki, hvort svo hefði verið í umrætt sinn.

Bókun um læknisskoðun Jóns Aðalsteins Jóhannssonar á stefnanda 3. júní er lýst hér að framan, og vísast þar til.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að skoðun læknisins, hafi m. a. beinst að því að greina heilamengisblæðingu á byrjunarstigi. Þar sé spurt m. a. um dofa og lömum í andliti, ógleði eða uppköst. Heilataugar og háls-hreyfingar voru athugaðar og hnakki þreifaður. Eiginkonu stefnanda, sem viðstödd var skoðunina, og lækninn greinir á um það, hvort upplýsingar hafi verið veittar um það, að stefnandi hafi kastað upp 29. maí. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi bar Jón Aðalsteinn, að hann hefði spurt sérstaklega um uppköst, ógleði og sjóntruflanir, en fengið neikvæð svör. Hann hefði kann-

að augnhreyfingar stefnanda, en mundi ekki, hvort hann hefði skoðað augnbotna hans. Hann hefði haft það í huga við skoðun sína, að um gæti verið að ræða heilamengisblæðingu á byrjunarstigi. Hann hefði þetta alltaf í huga, þegar fólk kæmi til sín með höfuðverk. Skoðun sín í umrætt sinn hefði meðfram beinst að þeirri greiningu. Hann hefði gefið stefnanda þau fyrirmæli að leita aftur til læknis, ef vanlíðan hans gengi ekki yfir eða honum versnaði, og þá til Hreggviðar Hermannssonar læknis. Hann kvaðst hafa lesið sjúkraskýrslu stefnanda inn á band strax að lokinni skoðun og stuðst við minnisatriði, sem hann skráði hjá sér við sjálfa skoðunina. Hann kvaðst hafa farið í sumarfrí eftir þessa vakt.

Skv. framangreindum heimildum er atburðarásin sú, að stefnandi veikist af höfuðverk í róðri 29. maí 1990. Hann leitar til læknis 30. maí s. á. Hinn 3. júní fer hann í síðustu læknisskoðun sína, þar til hann varð fyrir áfallinu 12. sama mánaðar. Mb. Arnar er í höfn frá 30. maí til 5. júní, en fer þann dag í róður. Stefnandi fór ekki í þann róður, en hins vegar daginn eftir, hinn 6. júní, og 7. júní vinnur hann við þrif bátsins.

Því er ljóst, að engar upplýsingar liggja fyrir um það, að stefnandi hafi verið orðinn óvinnufær 3. júní 1990.

Sé lýsing Ragnars skipstjóra á heilsufari og útliti stefnanda lögð til grundvallar, þegar hann kemur til vinnu að nýju 6. og 7. júní, virðist svo sem fyrirboði heilamengisblæðingarinnar hafi þá fyrst verið orðinn sýnilegur. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að sjúkdómur stefnanda myndi að öllum líkindum hafa greinst þá, hefði hann leitað læknis og unnt hefði verið að beita viðeigandi lækni meðferð.

Hins vegar hafi þetta ekki legið fyrir við skoðunina 3. júní, enda þótt viðkomandi læknir hafi leitað eftir einkennum heilamengisblæðingar að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna. Að þeirra mati var skoðun læknisins Jóns Aðalsteins Jóhannssonar vel og samviskusamlega unnin. Ber hún það með sér, að læknirinn hafi í raun verið að endurskoða fyrri greiningar, en ekki fundið nein merki sjúkdóma, sem kröfðust bráðra aðgerða. Því hafi ekki verið nein ástæða til að vísa stefnanda til sérfræðings eða á bráðamóttöku, eins og aðstæður hans voru þá og álit lækna ráðs gerir ráð fyrir.

Dómurinn hafnar þess vegna álit lækna ráðs frá 9. júní 1993 um ótilhlýðilega lækni meðferð viðkomandi heilsugæslulækna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja.

Þegar öll atvik málsins eru virt, er það því niðurstaða dómsins, að lækni meðferð sú, sem stefnandi fékk hjá Heilsugæslustöð Suðurnesja í lok maí-mánaðar og byrjun júní-mánaðar 1990, hafi ekki verið ótilhlýðileg á þann hátt, að stefndi, ríkissjóður, sé skaðabótaskyldur. Ber því að sýkna stefnda, íslenska ríkið, af kröfum stefnanda í málinu.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að hvor málsaðila um sig beri sinn kostnað af því.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu, eins og áður segir. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, samtals 769.920 kr., þar af 600.000 kr. til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., lögmanns hans, 147.000 kr. í virðisaukaskatt og 22.920 kr. í útlagðan kostnað.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm ásamt meðdómendunum Bjarna Hannessyni og Lúðvík Ólafssyni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, Reynis Gunnþórssonar, í máli þessu.

Hvor málsaðila skal bera sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Reynis Gunnþórssonar, 769.920 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af 600.000 kr. til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., lögmanns hans, 147.000 kr. í virðisaukaskatt og 22.920 kr. í útlagðan kostnað.
